

Fundargerð 214. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fjárfundur haldinn fimmtudaginn 07. janúar 2021 kl. 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 204, 205, 206, 207, 208 , 209, 210, 211, 212 og 213.
Undirritun frestað
2. Yfirferð umsókna – farið yfir mál þar sem kallað var eftir frekari gögnum sem stjórn FF taldi að vantaði með þeim umsóknum sem farið hefur verið yfir, til að umsóknir teldust gildar við áframhaldandi vinnslu.
3. Farið var yfir minnisblað sent frá var frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem beðið er um að beiðni ferðamálaráðherra að veita 20. m.kr. af framlagi sjóðsins til sóknarnefndar Hallgrímskirkju vegna endurhönnunar á umhverfi kirkjunnar í samstarfi við Ólaf Elíasson listamann (sjá meðfylgjandi).

Næstu fundir:

14. janúar
21. janúar
28. janúar
04. febrúar

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
Geirsgötu 9
101 Reykjavík

ÁTVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 6. janúar 2021
Tilv.: ANR21010013/03.17

Efni: Ráðstöfun ferðamálaráðherra af fjárveitingu til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2021

Meðfylgjandi er afrit af minnisblaði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sem lagt var fyrir ríkisstjórn Íslands 5. janúar sl.

Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er beðin að hafa þá ráðstöfun sem greint er frá í minnisblaðinu til hliðsjónar við vinnu sína að tillögum um úthlutun úr sjóðnum árið 2021.

Vinsamlega gætið trúnaðar um útfærslu verkefnisins.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


Sigrún Brynja Einarssdóttir


Heimir Skarphéðinsson

Fylgiskj.: Minnisblað dags. 5. janúar 2021

*Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti*

Minnisblað

Viðtakandi: Ríkisstjórn Íslands
Sendandi: Ferðamála-; iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
Dagsetning: 05.01.2021
Málsnúmer: ANR21010013
Bréfalykill: 03.17

Efni: Ráðstöfun ferðamálaráðherra af fjárveitingu til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2021

Skv. fjárlögum 2021 er fjárheimild málaflokks 14.1, Ferðahjónusta, aukin tímabundið um 200 m.kr. í stuðning við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Verkefnið er hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna gegn niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Heildarframlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða árið 2021 nemur því rúmum 800 m.kr.

Hallgrímskirkja í Reykjavík hefur á undanförunum árum orðið einn helsti viðkomustaður ferðamanna sem hingað koma auk þess að vera eitt helsta kennileiti borgarinnar. Í desember sl. var ferðamálaráðherra kynnt verkefni sem snýst um að endurhanna umhverfi kirkjunnar í samstarfi við Ólaf Eliasson listamann með sérstakri ljósainnsetningu sem myndar ljósbrot/regnboga í um 500 m radius við kirkjuna. Jafnframt verður turn kirkjunnar endurgerður, bæði í viðhaldsskyni og til að styðja við speglainnsetningu sem upphefur ljósadýrðina innan hans. Með þessu verður til einstök upplifun ferðamanna sem hingað koma sem er til þess fallin að kynna land og þjóð á erlendri grundu.

Ferðamálaráðherra telur mikilvægt að verkefnið fái brautargengi og hefur því ákveðið að 20 m.kr. af framlagi til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða árið 2021 verði veitt til þess, m.a. með hliðsjón af því svigrúmi sem skapast á árinu vegna áðurnefndrar viðbótarfjárveitingar. Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Ferðamálastofa, sem fer með umsýslu sjóðsins, verða jafnframt upplýstar um ráðstöfunina, og Ferðamálastofu falið að gera sérstakan samning við sóknarnefnd Hallgrímskirkju um ráðstöfunina.